



Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. október 2020
Tilvísun: 2020100281

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um breytingar á reglugerð nr. 414/2017 um skotelda.

Vísað er til máls nr. 118/2020 í samráðsgátt um breytingu á reglugerð nr. 414/2017 um skotelda. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið málið og meðfylgjandi gögn til umsagnar og gefur eftirfarandi umsögn.

HER telur jákvætt að bóúið sé að þrengja það tímabil sem heimilt er að nota skotelda. Eins er jákvætt að sveitarfélögum skuli veitt sú heimild að leyfa almenna notkun á skoteldum á einum tilteknum degi í stað tímabils séu veðurskilyrði óhagstæð til notkunar á skoteldum eða ef mengunarspár sýna fram á að mengun verði það mikil á þeim tíma, eða í kjölfarið, að það muni verða hættulegt heilsu manna. HER bendir þó á að erfitt er að framfylgja slíkum takmörkunum. Reynslan hefur sýnt að notkun skotelda fer þegar fram utan leyfilegs tímabils, bæði dagana í kringum áramótin en einnig á öðrum tíma ársins. Ljóst er einnig að þótt notkun sé færð yfir á dag með hagstæðari veðurskilyrðum er mengun af völdum þess magns flugelda sem almennt er skotið upp almennt mikil og auk svifryks losna ýmis mengandi efni út í umhverfið. HER telur að ganga mætti enn lengra og gefa sveitarfélögum heimild til að banna notkun skotelda á sínu svæðið og takmarka mengun frá skoteldum s.s. með hvers konar flugeldar eru leyfilegir og efnainnihald þeirra. Ekki er ásættanlegt að skapa heilsuspillandi aðstæður í þéttbýli með hömlulausri notkun almennings á skoteldum. Viðkvæmir hópar s.s. aldraðir, börn og fólk með öndunarfæra- og hjartasjúkdóma geta orðið fyrir skaða og fullfrískir einstaklingar verða fyrir óþægindum og ertingu. Í verstu tilvikum s.s. áramótin 2017-18 sýna að skapast getur ástand sem jafnast á við mengun frá náttúruhamförum. Ákjósanlegt væri að banna sölu stórra skotterta og stærri skotelda til almennings og einungis heimila notkun slíkra skotelda í leyfisskyldum flugeldasýningum auk banna/takmarka ákveðið efnainnhald flugelda í almennri sölu. Þá mætti einnig setja takmarkanir á það magn sem selja má til einstaklinga. Loks væri vert til athugunar að takmarka það magn sem árlega er flutt inn af skoteldum.

HER telur tímaskekkju að skapaðar séu heilsuspillandi aðstæður af mannavöldum, eingöngu í skemmtanaskyni. Hvatt er til þess að lýðheilsusjónarmið verði höfð að leiðarljósi og að við breytingu reglugerðarinnar verði horft til tillagna hér að ofan og strangari skilyrði og frekari heimildir settar.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri